



Ósk um tímabundið fjárframlag

27. október, 2022

Virðulega nefndarmanneskja í fjárlaganefnd

Undirritaður vill fyrst og fremst þakka háttvirtri fjárlaganefnd fyrir afar gott samtal og samstarf síðustu árin. Það er ekki launungarmál að sá fjárstyrkur sem komið hefur frá nefndinni hafi gert það að verkum að Samtökin '78 geta sinnt hlutverki sínu, og jafnframt margfaldað umfang sitt þegar kemur að fjölbreyttri þjónustu – hinsegin fólki, og samfélaginu öllu til heilla. Sá fjárstyrkur sem fjárlaganefnd hefur látið okkur í té hefur ekki einungis runnið beint inn í stærstu þjónustuhluta Samtakanna, þ.e. ráðgjafþjónustu, stuðningshópa, fræðslustarf og ungmennastarf, heldur veitt okkur tækifæri til að fjárfesta í framtíðinni.

Samtökin '78 tóku hluta fjármagns frá fjárlaganefnd og hófu vegferð að safna mánaðarlegum styrktaraðilum. Það er ekki frásögu færandi nema að nú er þessi fjárfesting að skila sér til baka því á árinu 2022 má gera ráð fyrir að rúmar 15 milljónir renna til Samtakanna í gegnum verkefnið, og á árinu 2023 er hægt að gera ráð fyrir yfir 20 milljónum. Því má með sanni segja að því fé sem fjárlaganefnd veitti Samtökunum hefur bæði farið í mikilvæga þjónustu og margfaldast.

Í raun má segja að Samtökin '78 standi á ákveðnum krossgötum. Á aðeins sex árum höfum við sjöfaldað umfang okkar, þjónustu og rekstur. Með betri samningum við hið opinbera, aukið sjálfsaflafé og góðvild nokkurra fyrirtækja höfum við rétt náð að halda í við verkefnið, sem verða fleiri með hverjum degi. Það er vert að taka fram að Samtökin '78 fá enga opinbera styrki, nema þann frá fjárlaganefnd, heldur er allt fé sem kemur frá opinberum aðilum til Samtakanna bundið í samningum. Vegna þessa þurftu Samtökin að bregðast hratt við og ná að safna lausaféi til að vera í stakk búin fyrir fleiri og fjölbreyttari verkefni.

Það dapurlega er þó að þrátt fyrir að við höfum skipulagt okkur vel til að bregðast við ófyrirséðum aðstæðum, og þrátt fyrir að hafa fjölgað starfsfólki og verktökum, þá höfum við ekki verið undirbúin fyrir það bakslag sem á sér stað í hinsegin baráttunni um þessar mundir. Undirritaður telur að hann þurfi ekki að telja upp öll þau mýmörgu dæmi um bakslagið, en mörg þeirra hafa komið fram í fjölmiðlum – þó alls ekki öll.

Á Íslandi í dag eru trans börn hrædd, hinsegin fólk er óöruggara og á hverjum degi fáum við fréttir af ofbeldi í garð hinsegin fólks. Ofbeldið er í öllum formum. Það sem er alvarlegast við þetta bakslag er að ofbeldinu er í miklum mæli beint gegn börnum, og ekki aðeins börnum heldur börnum sem eru í afar viðkvæmri stöðu. Þetta þarf að stöðva.



Samtökin '78 vilja taka fjölda skrefa til að bregðast við þessu bakslagi og eru vel í stakk búin þegar kemur að sérfræðipækkingu og því innsæi sem við höfum í hinsegin samfélagið. Það eina sem stendur út af er starfsfólk. Samtökin '78 verða að bregðast við bakslaginu, strax. Til þess þurfum við fjármagn til að ráða starfsmann í tímabundna stöðu í eitt ár. Samtökin hafa manneskju í huga sem er með sérfræðipækkingu á þessu sviði. Við teljum að 15 milljóna tímabundið fjármagn frá fjárlaganefnd kæmi okkur langt í því að svara bakslaginu af krafti.

Daniel E. Arnarsson, framkvæmdastjóri